



Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Axel Rodríguez Överby
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ

15. júní 2018

Málsnr. 2016-10-0047
Frumrit - skilist til skjalasafns

Reykjavík, 30. maí 2018

Tilvísun: 201704029 / 3.2

Efni: Naustahvilt í Skutulsfirði, útivistarsvæði

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 13. apríl 2018 (mótt. 7. maí), sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn þann 12. apríl 2018.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. í desember 2017 með uppdrátti í mkv. 1: 50.000 á bls. 2.

Í breytingartillögunni felst að óbyggðu svæði í Naustahvilt er breytt í 31 ha opið svæði til sérstakra nota fyrir útivist (Ú70).

Með erindinu bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, dags. 21. mars 2018 og 10. maí 2017 og Ísavia dags. 12. apríl 2017. Skipulagsstofnun hefur einnig borist umsögn Minjastofnunar Íslands vegna lýsingar dags. 21. apríl 2017.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar eftirfarandi lagfæringar hafa verið gerðar á skipulagsgögnum:

Lagfæra þarf forsiðu greinargerðar skipulagsbreytingarinnar sem er merkt *tillaga á vinnslustigi*. Landnotkunarskýringar vantar við uppdráttina á bls. 2. Yfirfara þarf kafla 6 *Málsmeðferð – skipulagsferli* með hliðsjón af því að tillaga á vinnslustigi hefur þegar verið kynnt. Einnig er bent á að bæjarstjórn samþykkti tillöguna til auglýsingar áður en hún var send til athugunar Skipulagsstofnunar.

Í erindi Ísafjarðarbæjar og greinargerð eru tilgreindar aðrar umsagnir, eða umsagnir með annarri dagsetningu en þær sem fylgdu með erindi sveitarfélagsins, bæði vegna lýsingar og vinnslutillögu. Allar umsagnir sem koma fram frá umsagnaraðilum á vinnslustigi aðalskipulagsbreytingarinnar eða við samþykktu tillögu á auglýsingartíma þurfa að berast Skipulagsstofnun ásamt samantekt á því hvernig brugðist er við athugasemdum eftir því sem við á.

Birna Björk Árnadóttir